

Sveitastjórn Flóahrepps

Þingborg

803 Selfoss

Hallandi 1A og 1B


Vegna: Fossmýri L224005; Smábýlabyggð; Deiliskipulag – 2302024

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. mars 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Fossmýri, L224005. Markmiðið með skipulaginu er að afmarka 5 landspildur (smábýli) og skapa aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisfirbragði sem fellur vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins með áherslu á friðsæld, rými og náttúru. Heildarfjöldi bygginga á byggingarreit má mest vera 3 stakstæð hús, þ.a. íbúðarhús og gestahús, samanlagt að hámarki 600m² og geymsla/útihús allt að 1500m².


Athugasemdir íbúa

Samkvæmt tillögu nýs deiliskipulags um Fossmýri virðist sem umferð að smábýlabyggðinni muni fara um Hallandaveg nr.3156 auk vegslóða sem liggur frá Hallanda 1 og í átt að Hvítá. Vegur nr.3156 er einbreiður og ekki möguleiki á að breikka hann vegna lóðamarka hvoru megin. Slóðinn í framhaldi vegarins er með öllu ófær stóran part ársins sökum snjóá, drullu, leysinga og annara trafala. Hvorugur þessara vega/slóða eru hugsaðir fyrir almenna bílaumferð. Telja má að ef byggja eigi upp þessa leið að Fossmýri verði kostnaður umtalsverður þar sem undirlag er ekkert sem kallað getur auk þess sem viðhald, svo sem snjómokstur verði bæði dýr og erfiður sökum aðstæðna.

Með vinsemd



Magnús St Magnússon



Ingunn Jónsdóttir



Sigríður Harðardóttir

Afrit sent Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita.